

SAMNINGUR

Háskóla Íslands, Hólaskóla – Háskólans á Hólum og Háskólans á Akureyri um

Rannsóknamiðstöð ferðamála

1. Aðilar samnings og tilgangur samstarfs

Háskóli Íslands (hér eftir HÍ), Hólaskóli – Háskólinn á Hólum (hér eftir HH) og Háskólinn á Akureyri (hér eftir HA) framlengja samning um Rannsóknamiðstöð ferðamála (hér eftir RMF), sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum.

Samningsaðilar hafa sameiginlega hagsmuni af því að samnýta aðstöðu og færni hvers annars til þess að efla rannsóknir og menntun, auka tengsl háskóla og atvinnulífs, og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamálum.

2. Markmið Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Markmið Rannsóknamiðstöðvar ferðamála eru að:

- taka þátt í og efla rannsóknir tengdar ferðamálum á Íslandi
- stuðla að þverfræðilegri samvinnu innan og milli háskólanna varðandi kennslu og rannsóknir
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsókna á sviði ferðamála
- miðla og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum

3. Stjórn

Rektorar HÍ og HA skipa hvor um sig tvo menn í stjórn RMF og jafnmarga til vara, en rektor HH skipar einn mann í stjórnina og annan til vara. Skal annar fulltrúi HÍ vera formaður stjórnar. Stjórnin kýs varaformann úr sínum hópi. Tryggja þarf jafnan hlut karla og kvenna við skipan stjórnar. Að auki skulu Ferðamálastofa og Samtök ferðaþjónustunnar skipa hvor sinn fulltrúa ásamt varafulltrúum í stjórnina. Formaður boðar stjórnarfundi. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi, ræður atkvæði formanns.

Stjórn ákveður rannsóknastefnu RMF, samþykkir ársskýrslu, ársreikning og starfsáætlun og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

4. Forstöðumaður og aðrir starfsmenn

Rektor HA ræður forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður er starfsmaður HA. Forstöðumaður hefur umsjón með daglegum rekstri RMF, annast áætlanagerð og hefur yfirsýningu með fjáröflun. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor HA. Hann situr stjórnarfundi með tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Forstöðumaður ræður starfsfólk í umboði rektors HA, í samráði við og að fengnu samþykki stjórnar. Starfsfólk RMF heyrir undir HA. Starfsfólki RMF er tryggt starfsaðstaða hjá samstarfsskólunum eftir því sem kostur er á.

SS. 

5. *Fjármál, aðstaða o.fl.*

Tekjur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála eru eftirfarandi:

- framlög frá samningsaðilum, skv. samkomulagi
- framlög frá öðrum aðilum
- styrkir til einstakra verkefna
- greiðslur fyrir umbeðin verkefni
- gjafir

Aðalstöðvar RMF eru við HA þar sem forstöðumaður er staðsettur.

Framlög háskólanna til RMF eru sem hér segir: HÍ greiðir árlegt framlag 3 m.kr. og HH 750.000 kr. HA sér RMF fyrir aðstöðu á markaðsleigu og þjónustu á raunkostnaði. Kostnaður þessi er hluti af framlagi HA til RMF og er að hámarki 3 m.kr. á ári. Reikningshald RMF verður fært hjá HA undir sérstökum lið og skal það vera hluti af heildarreikningi háskólans.

Forstöðumaður hefur ekki prókúru, en samþykkir reikninga sem gjaldkeri HA síðan greiðir.

RMF ber að halda verkefnisbókhald og gæta þess að fara að samkeppnislögum.

6. *Aðalfundur*

Ársskýrsla, ársreikningur og starfsáætlun skulu samþykkt á aðalfundi RMF og kynnt aðilum samningsins.

7. *Lagastoð og gildistími*

Samningur þessi, sem gerður er á grundvelli 3. mgr. 26. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, tekur við af fyrri samningi frá 4. júlí 2014 um sama efni og kemur í stað hans. Samningurinn er til tveggja ára, en hver aðili um sig getur sagt honum upp með 12 mánaða fyrirvara og tekur uppsögnin gildi frá næsta aðalfundi þar á eftir. Heimilt er að gera breytingar á samningnum með samþykki allra aðila.


Samningurinn er gerður í þremur samhljóða eintökum og varðveitir hver aðili sitt eintak.


Reykjavík, 19. ágúst 2021


F.h. Háskóla Íslands

F.h. Háskólans á Hólum

F.h. Háskólans á Akureyri


Jón Atli Benediktsson, rektor


Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor


Eyjólfur Guðmundsson, rektor



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri